*Styrkumsókn vegna sköpunarrýmis – þrívíddarprentara, vínylskera og barmmerkjavél*

Menningar- og safnanefnd

Garðabær, 15.apríl 2021

Bókasöfn nútímans eru menningar- og samfélagshús. Bókasafn Garðabæjar þarf að vera sveigjanlegt og innleiða nýjungar til að standast áskoranir í samfélaginu. Þess vegna viljum við viljum skapa vettvang, svo kallaða sköpunarsmiðju (maker space), fyrir Garðbæinga á öllum aldri til að vinna að verkefnum sjálft eða í samvinnu við aðra með verkfærum sem flest bókasöfn á Norðurlöndum, og mörg hér á landi, hafa til umráða. Meðal þess sem við viljum bjóða aðgang að er þrívíddarprentari, vínilskeri og barmmerkjavél.

Með sköpunarsmiðju viljum við veita öllum Garðbæingum tækifæri til að læra á þessa nýju tækni og að allir, börn og fullorðnir, hafi aðgang að þessum tækjum. Tæknin er hluti af kröfum og þörfum nútímans en nýtist einnig til upplifunar, tengsla, samvinnu og samveru. Fjórða iðnbyltingin, með sjálfvirknivæðingu og tækninýjungum, er staðreynd og það er skylda bóka- og samfélagshúss að koma til móts við nýjar áskoranir og þarfir samfélagsins. Við ætlum okkur að bjóða upp á fikt-daga fyrir almenning á öllum aldri þar sem við kennum og aðstoðum gesti við að nýta tæknina sér til yndis en einnig til hagnýtingar. Skólahópar í Garðabæ geta pantað tíma hjá okkur sem og aðrir hópar, þess vegna vinhópar, eldri borgarar og klúbbar. Við munum rukka notanda fyrir efni sem er notað hverju sinni.

**Þrívíddarprentun** gerir kleift að framleiða/búa til flókin form með minna efni, en venjan er í framleiðslu. Það er hægt að gera allt sem fólki dettur í hug eins og blómapotta, lyklakippur, skartgripi, fígúrur, módel, og fleira. Hvern langar ekki að prenta út litla eftirlíkingu af húsinu sínu?

**Vínilskera** er hægt að nota til að búa til límstafi, munstur ýmiskonar á fleti (vegg, hurðar, hillur, glugga og slíkt.) og límmiða. Einnig er hægt að prenta á föt.

**Barmmerkjavél** gerir Garðbæingum kleift t.d. að hanna eigin merki fyrir afmæli, veislur, ættarmót, félög, af uppáhalds mynd, munstri og fleira í þeim dúr.

Bókasafn Garðabæjar gegnir mikilvægu hlutverki í vexti og menntun samfélagsins í Garðabæ. Safnið hefur lagað sig að þörfum samfélagsins og náð miklum framförum á því sviði enda eitt af lykilhlutverkum almenningsbókasafns. Nú er verið að stafræna og koma Garðabæ með þeim fremstu á Íslandi á því sviði.

Bókasafnið í Garðabæ tengir saman félagslega og menningarlega viðburði, býður upp á fræðslu og fræðsluefni, er vettvangur fyrir fólk með tölvuna sína, og er staður fræðslu, skemmtunar, upplifunar og tengsla. Staður sem fólk getur unnið að hinu ýmsu hugðarefnum.

Bókasafnið þarf að uppfærast í takt við nýjustu tækniþróun og bjóða upp á allskonar upplýsingtækni og sköpunarvettvang fyrir gesti. Jafna aðgang einstaklinga að tækifærum til sjálfsmenntunar og persónulegs þroska.

**Kostnaðaráætlun:**

Iðnvélar með þrívíddarprentarann Ultimaker 2+ kr. 456.000,-
Enso með vínyl skera, Jaguar5XL – 61 skurðaplotter kr. 402.000,-
Enso með barmmerkjavél og fylgihlutir kr. 130.750,-
Start kostnaður vegna efniskaupa, kr. 200.000,-
Fartölva með hugbúnað fyrir þrívíddaprentara og vínylskera, kr. 300.000.-
Námskeið fyrir starfsmenn, áætlaður kostnaður kr. 150.000.-

Skjal sótt af '00000000' dags: 25.03 2026

Læstur skápur á hjólum, með skúffum fyrir birgðirnar og fylgihluti. Með rafmagni (stinga í samband hvar sem er á bókasafninu). Tveir skápar. Annar er breidd 100 sm., dýpst 60 sm., 3 skúffur, 4 hjól, fjöltengi og rafvirki gengur frá hvorum skáp. Hinn er breidd 120 sm., dýpst 60 sm., 3 skúffur, 4 hjól, fjöltengi og rafvirki gengur frá hvorum skáp. Þrívíddarprentari og vínyl skeri er á hreyfanlegri séreiningu innan aðalsafns. Áætlaður kostnaður 2 skápar, kr. 280.000.- Hjólið er ca.

Samtals áætlaður kostnaður kr. 1.768.750.-

Bókasafn Garðabæjar óskar eftir styrk upp á kr. 1.918.750.- fyrir sköpunarsmiðju.

Virðingarfyllst,

f.h. Bókasafns Garðabæjar

Margrét Berndsen Sigurgeirsdóttir, forstöðumaður Bókasafns Garðabæjar

**Nánari upplýsingar**




Skjal sótt af '00000000' dags: 25.03 2026

VÖRUFLOKKAR
Aðrar vörur 84
Bílavörur 109
Dælur 97
Handverkfæri 337
Járnsmíði 172
Notaðar vörur 41
Trésmíði 188
Vinnuföt 107
Þrívídd 152
Þrýstiloft 53




Heim / Þrívídd / Þrívíddarprentarar / Ultimaker 2+

# Ultimaker 2+

455.088 kr.

Uppselt

**Vörunúmer:** 9620

**Flokkar:** Þrívídd, Þrívíddarprentarar

Deila á:

**VÖRULÝSING** SENDA FYRIRSPURN UM VÖRU

ULTIMAKER 2 prentarar eru með ábyggilegustu 3D prenturum á markaðnum.
Háþróuð tækni, mikið val af prentefnum ásamt hinum verðlaunaða, mjög þróaða og notendavæna CURA hugbúnaði, gefur möguleika á prentun á flóknum og nákvæmum hlutum.

IÐNVÉLAR bjóða upp á stóran lager af efnum og fyrir þá sem vilja fara lengra eru námskeið í boði.

Val á spíssum frá 0,25 og upp í 0,8 mm – fyrir góða áferð eða hraða prentun
Markviss kæling á prentefni, tryggir stöðuga prentun og betri áferð
SD kort, límstifti, smurefni, sexkantur og USB tenging
Spíssar: 0,25 – 0,4 – 0,6 og 0,8 mm
0,75 kg spóla með ULTIMAKER Silver efnisþræði
CURA – Verðlauna 3D prent hugbúnaður
Öflugt ULTIMAKER App : https://ultimaker.com/en/products/ultimaker-app
Afréttingarkort til að stilla sökkul plötu
12 mánaða ábyrgð (nema hita rekstrarhlutar)
Öflug þjónusta – Stór upplýsingavefur : https://ultimaker.com/en/resources/manuals
Einn besti prentarinn á markaðnum: https://ultimaker.com/en/products/ultimaker-2-plus

## Tæknilýsing

| | |
|---|---|
| PRENTARI | ULTIMAKER 2+ |
| Byggingastærðir | 223 x 223 x 205 mm |
| Ytri mál | 357 x 342 x 388 mm |
| Prent tækni | Fused Filament Fabrication (FFF) |
| Prentar önnur efni | 2.85 mm I Open Filament System* |
| Upplausn (lóg) | 20 to 600 micron (eftir spíssa stærð) |
| X Y Z nákvæmni | 12.5 12.5 5 micron |
| Spíssar | 0.25 0.4 0.6 0.8 mm |
| Vinnslu hraði | Up to 24 mm3/s (eftir spíssa stærð) |
| Sökkul plata | Hituð glerplata ( að 100° C) |
| Hiti í spíssum | Að 260° C |
| Skráa færsla | Sjálfstæð prentun af SD korti |
| Hugbúnaður | Cura – Official Ultimaker Software (free) |
| Stýrikerfi | Mac OS X / Linux / Windows |

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

# BARM MERKJA VÉL

7 vara/vörur fundust    Skoða:    Raða eftir: Vara nr. - hækkandi



**25mm skæri**
Vara nr. SEC-10012312510 | **Búið**
**22.701 kr.**
BÆTA Í KÖRFU ›



**löð 25 mm fyrir barrmerkjavél**
Vara nr. SEC-10012325530 | **Búið**
**14.019 kr.**
BÆTA Í KÖRFU ›



**37mm skæri**
Vara nr. SEC-12313712 | **Búið**
**21.840 kr.**
BÆTA Í KÖRFU ›



**500 badges with pin round 25mm**
Vara nr. SEC-20012371026 | **Lítið magn á lager**
**12.978 kr.**
BÆTA Í KÖRFU ›



**Löð 37mm fyrir barmmerkjavél**
Vara nr. SEC-37MM LÖÐ | **Búið**
**21.159 kr.**
BÆTA Í KÖRFU ›



**Barmmerki 37mm (100 stk)**
Vara nr. SEC-BARMMERKI 37MM | **Á lager**
**2.424 kr.**
BÆTA Í KÖRFU ›



**Barmmerkjavél**
Vara nr. SEC-BUTTONPRESS | **Lítið magn á lager**
**35.594 kr.**
BÆTA Í KÖRFU ›

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026